

**Nd.** **255. Frumvarp til laga** [124. mál]  
um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

**1. gr.**

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 6. gr. komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Lífeyrissjóður barnakennara hefur á undanförunum árum ávaxtað fé sitt aðallega með lánveitingum til húsaþyginga vegna sjóðfélaga. Samkvæmt gildandi lagaákvæðum má sjóðurinn því aðeins veita slík lán, að ríkissjóður ábyrgist þau, en fasteignalán án ríkisábyrgðar mega ekki fara fram úr 60% af fasteignamati, enda þótt tryggð séu með 1. veðrétti. Er auðsætt, að mönnum er lítil sem engin stoð að slíkum lánskjörum.

Það er ósk ríkisstjórnarinnar, að ábyrgðarskuldbindingum samkv. ofanskráðu verði framvegis létt af ríkissjóði án þess þó, að láns möguleikar sjóðfélaga verði skertir, enda virðist ástæðulaust, að ríkissjóður taki að sér að ábyrgjast tiltölulega lág lán, sem tryggð eru með 1. veðrétti í fasteign.

Frumvarp þetta er samið í samráði við stjórn lífeyrissjóðsins, og er því ætlað, ef að lögum verður, að heimila ríkisstjórninni að setja reglugerðarákvæði þess efnis, að stjórn sjóðsins megi veita lán úr sjóðnum líkt og verið hefur, með þeim breytingum, að sjóðurinn taki 1. veðrétt í viðkomandi fasteign, en ríkisábyrgðar verði ekki krafizt.